

Spider anatomy

Spider helps people

Lífshlaup köngulóa

Hvernig á að gera köngulóavef

Hvernig köngulær éta bráð



Köngulær eru ekki skordýr heldur tilheyra þær áttfætlum eins og krabbadýr, margfætlur, áttfætlur og þúsundfætlur. Áttfætlur eiga það sameiginlegt að hafa átta fætur og sérstaka munnlimi sem nefnast klóskæri. Bolurinn er ýmist í einu lagi eða tvískiptur og skiptast áttfætlurnar meðal annars í köngulær, langfætlur, mítla og sporðdreka. Köngulóin má skipta í vefköngulær og förköngulær. Vefköngulærnar spinna vef úr silkiþráði til veiða en förköngulær elta bráðina uppi, þær hafa spunakirtla en nota þráðinn til annars en að spinna vef, meðal annars til að spinna hjúp um egg sín og til þess að svífa um. Köngulær hafa sérstaka kirtla í afturból sínum sem framleiða hráefnið í silkiþráðinni. Kirtlarnir eru margir og úr þeim kemur fljótandi silki sem flæðir út um op á þremur þörum spunavartna aftast á afturbólnum. Silkið harðnar um leið og það kemur úr vörtunum og verður að firnasterkum þráði. Allar köngulær eru rándýr og þegar þær hafa náð bráð drepa þær hana með eitri sem kemur úr eitirkirtlum sem þær hafa í höfðinu, eitrið sprautast svo úr oddi klóskæra þegar þau hafa stungist í hol á bráðinni. Köngulóin ýmist drepur bráðina strax eða hún lætur nægja að lama hana og getur þá geymt hana lífandi þangað til hún verður svöng næst.

Á Íslandi finnast 84 tegundir af köngulóin af 10 Hér koma nokkrar tegundir

Hagaköngulær

Hagaköngulær eru einlitar sprettharðar förököngulær. Þær veiða ekki í net heldur hlaupa bráðina uppi og kunna því vel við sig á önnu landi. Á Íslandi eru 2 tegundir af



hagaköngulóm, þ.e. **Hagakönguló**

og



Hrafnakönguló

Hnoðaköngulær



Hnoðaköngulær er sprettharðar förököngulær og þær bera ungiði sitt með sér í poka sem er festur við spunavörturnar aftast á búknum, en þessi poki kallast hnoða. Á Íslandi finnast fimm tegundir hnoðaköngulóa en það eru:



Skógvönguló

en hún er frekar sjaldgæf hérlendis.



Hnoðakönguló

er mjög algeng um allt land bæði á láglendi og hálendi. Sennilega algengasta og útbreiddasta köngulóartegund landsins.



Mýrakönguló

gjarnan í hrísmóum og mýrum og birkikjarri.

er algeng á láglendi og finnst



Heiðakönguló

víða til fjalla en sjaldgæf á láglendi.

er algeng á miðhálandinu og



© Stefan Bollfors, www.eurospiders.com

Laugakönguló

og er hitakær. Þessi tegund er ríkjandi tegund á jarðhitasvæðum en hefur þó fundist í auknum mæli fjarri þeim. þarf mikinn raka

Húsaköngulær



Húsakönguló

erfrekar algeng í húsum og útihúsum á Suðvesturlandi sérstaklega í Reykjavík, ekki eins algeng í öðrum landshlutum, hefur eingöngu fundist í húsum hér á landi. Þær spinna trektlaga voðir í hornum og situr köngulóin í mjórri endanum.

Kambköngulær

Ein tegund af kambköngulóm finnst á Íslandi en það er **Hrískönguló**



Hún hefur fundist allt í kringum Mývatn og niður með Laxá í Suður Þingeyjarsýslu, heldur til í fjalldrapa hér á landi.

Krabbaköngulær



Á Íslandi finnst ein tegund af **Krabbaköngulóm** Þær veiða bráðina ekki í vef heldur sitja gjarnan í blómum og veiða flugur sem leita þangað, krabbaköngulær geta spunnið þó þær geri sér ekki vef, t.d. spinna karlarnir sérstakan þráð sem þeir nota til að binda kerlingarnar með áður en mök hefjast og svo skjótast þeir í burtu að leik loknum á meðan kerlingin er að losa sig úr böndunum og sleppa þeir þannig við að verða étnir. Krabbaköngulóin er algeng um allt land utan hálendisins.

Krossköngulær

Krossköngulær eru stórar og digrar köngulær sem spinna hjólvefi í trjám, klettum og á húsum. Hér hafa fundist fimm tegundir. Þær hafa nægilega sterkt bit til að bíta í gegnum húð fólks en þeirra bit er mjög óalgengt.



Krosskönguló finnst um allt land á láglendi en er algengust á suður og suðvesturlandi. Er oft í miklum fjölda utan á húsveggjum í Reykjavík. Hún er frekar hitakær og er algengust utan á húsveggjum og klettum sem snúa mót suðri.



Skartkönguló er mjög sjaldgæf hérlendis.



Sveipkönguló er nokkuð algeng sérstaklega norðanlands, á láglendi þar sem hún heldur til í háu grasi, runnum og trjám, hún spinnur sér gjarna eggjabú í snarrótarpunti.



Maurkönguló hefur fundist víða um land en virðist samt vera nokkuð sjaldgæf, hún er algengust norðanlands og er nokkuð algeng við Mývatn þar sem hún er á runnum, í trjám og í klettum.



Ylkönguló finnst hér á landi í tengslum við gróðurhús.

Leggjaköngulær



Leggjakönguló er með mjög langar lappirnar. Þessi tegund berst hingað öðru hvoru með ýmsum varningi en er sennilega að taka sér bólfestu hér. Hún heldur sig í tengslum við mannabústaði og hefur aðeins fundist innanhúss hérlendis.

Randaköngulær

Hér á landi finnast 2 tegundir randaköngulóm .þe. ir



© Stefan Söllfors, www.eurospiders.com

Randakönguló

Þingeyjarsýslum en hefur fundist stöku sinnum á láglandi annarsstaðar. Heldur til í runnum, sefi eða hávöxnu grasi gjarnan nálægt vatni.

er frekar algeng í



© Stefan Söllfors, www.eurospiders.com

Kjarrkönguló

Skaftafelli en er frekar sjaldgæf – finnst í trjágróðri og runnum.

hefur einungis fundist í

Slútköngulær

Hér á landi finnast fimm tegundir af Slútköngulær þ.e.



© Stefan Söllfors, www.eurospiders.com

Búldukönguló
er mjög hitakær.

lifir í gróðurhúsum hér á landi



Klettakönguló (*Rugathodes bellicosus*, Female. Photo: Glenn Halvor Morka) er með gulbrúnan frambol stundum með dökkan ferhyrndan blett fyrir aftan augun og afturbolur er brúnn eða ljósbrúnn oft með gráleitum flekkjum, hún er mjög sjaldgæf hér á landi en heldur til í sprungum í klettum og undir steinum.



Hróakönguló (*Robertus arundineti*) er með brúnan frambol og gráan afturbol finnst aðeins á láglendi á sunnanverðu landinu en er frekar óalgeng, finnst oftast undir steinum, í grasi og mosa.



Bragkönguló (*Robertus lyrifer*) er mjög lík Hróakönguló í útliti hefur fundist við Mývatn og í Borgarfirði er gjarnan í deigu kjarrlendi og hrísmýrum. Photo: G. H. Morka



Dvergekönguló (*Theonoe minutissima*) er mjög smávaxin könguló með gulbrúnan eða brúnan frambol og gráleitan afturbol, er mjög sjaldgæf hér á landi.